





Þingeyjarsveit

Breyting á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 -2022




Hluti af staðfestu Aðalskipulag Þingeyjarsveitar, samþykkt 20.06.2011
mkv. 1:100.000



Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar
mkv. 1:100.000

HELSTU SKÝRINGAR

- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Stofnvegir
- Helstu göngu- og reiðleiðir
- Hitaveita
- Ljósleiðari
- Lögbýli
- Óbyggð svæði
- Landbúnaðarsvæði
- Héraðs- og landsvegir og aðrir vegir eða slóðar
- Svæði fyrir frístundabyggð
- Vatnsverndarsvæði (grann- / fjarsvæði ekki skilgreind)
- Vatnsvið Mývatns og Laxár



Hluti af Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022
- - - Svæði sem breytingin nær yfir

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð skv. 30.-32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var auglýst frá og með 13.03.15 til og með 24.04.15 og var samþykkt í sveitarstjórn

Breyting á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022, svæði fyrir þjónustustofnanir í landi Kárhóls

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar leggur til að Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 verði breytt þannig að skilgreint verði svæði fyrir þjónustustofnanir í landi Kárhóls þar sem leyfilegt verði að reisa rannsóknarstöð með gestastofu, stærð ca 700-800 m². Stærð á landnotkunareit er 15.2 ha.

Breyting þessi hefur ekki áhrif á aðrar áætlanir en unnið verður deiliskipulag fyrir framkvæmdina. Á jörðinni eru nú íbúðar- og útihús og í deiliskipulagi verða skilgreindar sérstakar lóðir fyrir þessi hús auk lóðar fyrir rannsóknarstöðina.

1 BREYTING Á GREINARGERÐ

Í kafla 4.4.2 í greinargerð, þjónustustofnanir í dreifbýli, mun bætast við liður undir kaflann *annað/ymislegt*.

p-17: Rannsóknarstöð. Alþjóðleg rannsóknarstöð sem vinna mun að almennum vísindarannsóknum og gestastofa. Allt að þriggja hæða bygging, nýtingarhlutfall skv. deiliskipulagi.

2 BREYTING Á SKIPULAGSUPPDRETTI

Svæði fyrir þjónustustofnanir er merkt með hringtáknri skammt norðan núverandi bæjarhúsa á Kárhóli. Merkingin er í samræmi við önnur svæði þar sem stærð og lögun landnotkunareita verður ekki sýnd nákvæmlega á aðalskipulagsuppdretti. Afmörkun og flatarmál verða skilgreind í deiliskipulagi.

3 UMHVERFISSKÝRSLA

Með tilkomu nýrrar þjónustustofnunar á borð við alþjóðlega rannsóknarstöð má gera ráð fyrir jákvæðum áhrifum á ýmsa samfélagslega og efnahagslega þætti.

Umhverfisþættir	Áhrif	Ástæða
Atvinnulíf	Jákvæð	Störfum mun fjölga á vísindasviði sem og á sviði ferðaþjónustu.
Samfélagsþjónusta	Jákvæð	Gestastofa mun auka fjölbreytni í þjónustu við íbúa og ferðamenn.
Byggð og efnisleg verðmæti	Jákvæð	Fyrirhuguð uppbygging mun skapa efnisleg verðmæti.
Landslag og ásýnd	Óviss, háð útfærslu	Stofnanasvæðið er í tengslum við núverandi bæjarhús. Ekki eru settar kvaðir um stærð og útlit bygginga á þessu stigi og því eru óviss áhrif á ásýnd og landslag.

Lokið er gerð fornleifaskráningar á vegum Fornleifastofnunar Íslands. (Deiliskráning í landi Kárhóls)

Kárhóll er á vatnasviði Mývatns og Laxár. Fráveita á svæðinu skal því vera í samræmi við 24. gr. reglugerðar um verndun Mývatns og Laxár nr. 665/2012.

Nánara mat mun fara fram á deiliskipulagsstigi þar sem fyrir munu liggja frekari forsendur varðandi uppbygginguna.



Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann B. Mair 2015



Auglýsing um gildistöku birtist í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ nr. _____

6.janúar 2015

hornsteinar
arkitektar ehf
vinnustofa Ingólfsstræti 5 101 reykjavík
sími: 511-7011
netfang: hornsteinar@hornsteinar.is